

## **Umræða um húsaleigumarkaðinn í Reykjavík (að beiðni fulltrúa Flokks fólksins)**

Greinargerð með umræðu

Leigumarkaðurinn í Reykjavík er að sliga leigjendur. Húsnæðisskortur í Reykjavík er mikill. Það sárvantar húsnæði af öllum stærðum og gerðum. Framboð og eftirspurn er ekki í jafnvægi. Það hefur verið byggt en ekki nóg. Reykjavíkurborg ber hér ríka ábyrgð. Borgarmeirihlutinn hefur einblínt á að þetta byggð. Að þetta byggð er dýrt og tekur langan tíma og íbúðir á þéttingarreitum eru rándýrar. Efnafólk hefur notið góðs af og sölsað undir sig mörgum eignum sem leigðar eru á okurverði. Segja má að frumskógarlögmálið gildi á þessum markaði.

Leigjendur eru að kikna undan hárrí leigu. Ekki er vitað hversu margir búa við óviðunandi og jafnvel við stór hættulegar aðstæður, í húsnæði sem er ekki samþykkt en fólk borgar þó okkur leigu fyrir húsnæðið.

Ójöfnuður í samfélaginu hefur aukist mikið síðustu ár. Lágtekjufólk greiðir allt að 70% af ráðstöfunartekjum sínum í leigu. Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja sanngjarnt leiguverð í samræmi við greiðslugetu leigjenda og vill Flokkur fólksins skoða að setja á leigupak/leigubremsu eins og víða tíðkast í löndum sem við berum okkur helst saman við.

Borgin getur beitt sér fyrir að sett verði leigupak eða leigubremsa t.d. tímabundið á meðan ástandið er svo bagalegt. Ljóst er að hvatning til leigusala að stilla leiguverði í hof hefur ekki áhrif. Hvað er borgarmeirihlutinn annars að gera til að beita sér í þessum málum.

Á meðan ástandið er svo slæmt þarf einnig að auka beinan stuðning við leigjendur í formi húsnæðisbóta. Gera þarf betur fyrir þá sem nú búa við hættulegar aðstæður vegna þess að húsnæði er óíbúðarhæft.

Það er ekki ein báran stök því leiga hefur einnig hækkað hjá Félagsbústöðum og eru margir leigjendur að sligast. Sá hópur sem um ræðir hjá Félagsbústöðum eru flest efnaminni og fátæk. Ef leigjendur standa ekki í skilum þá er skuld þeirra send í innheimtu til Motus. Harkalegar innheimtuaðgerðir eru ekki til að bæta þegar illa stendur á hjá fólki fjárhagslega. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill fá umræðu um hvað Reykjavíkurborg geti gert í stöðunni, hvað úrræða er hægt að grípa til svo létta megi undir með leigjendum á meðan leigumarkaðurinn er svona erfiður eins og raun ber vitni.